

Innsæi, einlægni og lífsangist

– yfirlitssýning á verkum Jóhönnu Kristínar Yngvadóttur á Kjarvalsstöðum

Listmálarinn Jóhann Kristín Yngvadóttir lést aðeins 37 ára að aldri á sl. ári eftir langvinn veikindi. Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar hefur nú brugðið skjótt við og efnt til yfirlitssýningar á Kjarvalsstöðum á verkum þessarar sérstæðu listakonu. Hún lýsti sjálfri sér svo í sýningarskrá Listahátíðar kvenna árið 1985: „Jóhanna Kristín Yngvadóttir er þrjátíu og eins árs Reykvik-ingur... Unir sér ein. Feimin. Ætlaði alltaf að verða listakona. Helst leikkona. Hélt á vit þagnarinnar. Litanna... Hún segir aldrei frá því sem henni liggur á hjarta. Samt liggur henni mikið á hjarta...“ Tveimur árum áður hafði hún skipað sér á bekk meðal fremstu héraendur myndlistarmanna af yngri kynslóðinni – og það á eftirminnilegan hátt. Sýning hennar í Nýlistasafninu árið 1983 hlaut einróma lof og sömuleiðs viðamikil sýning árið eftir hjá Knúti Bruun í Listmunahúsinu. Það sem einkum hefur þótt sérstætt við myndlist Jóhönnu er sú tilvistarangist sem skín út úr verkum hennar og það hvernig hún yfirfærði nánasta persónulegt umhverfi yfir í þennan allajafna myrka hugarheim sinn. Þetta var í hreinum samhljómi við „nýja málverkið“, síðexpressjónismann, sem kom fram sem hréyting á hinna eftirminnilegu sýningu „Gullströndin andar“ á vordögum 1983 en Jóhanna Kristín var þar meðal sýnenda.

Tilvísun í „Ópið“

Það er freistandi að bera verk Jóhönnu saman við list Edvards Munch, enda er síð-

asta fullgerða málverk Jóhönnu Kristínar, sem sýnir tvær konur, greinileg tilvísun í „Ópið“ eftir Munch, eins og Kristín Guðnadóttir bendir á í inngangsorðum sýningarskrár. En þetta móti er ekki það eina sem Jóhanna á sameiginlegt með Munch. Svo virðist sem hún hafi einnig haft innsæið að leiðarljósi sem og einlægni í tjáningu á myrkustu skúmaskotum sálarlífsins. Sálfræðing-

Myndlist

Ólafur Engilbertsson

ar veltu mikið vöngum yfir myndheimi Munchs og mér segir svo hugur að viðlíka fræðingar muni einnig sækja nokkuð í það myndefni sem Jóhanna Kristín lét eftir sig.

Angist og lífsgleði

Í þessu tilliti er m.a. fróðlegt að skoða málverkið „Foreldrarinn“ frá 1983. Hafa þeir í huga að faðir Jóhönnu dó þegar hún var mjög ung en á myndinni er faðirinn skyggður, með fjarrænan svip og nánast óvirkur hægra megin í myndflötinum. Þó hann rétti hendurnar út í átt að móðurinni, sem er rauðklædd og dregin með léttleikandi línunum vinstra megin, þá er eins og hann sé viðs fjarri. Önnur athyglisverð mynd í sálfræðilegu tilliti er sjálfmyndin frá 1987 sem sýnir tvær konur. Önnur þeirra situr og er þungbúin á svip en hin stendur við stól og styður


hönd undir kinn. Ef þessi mynd er síðan borin saman við áðurnefnda mynd sem er tilvitnun í Óp Munchs kemur í ljós að myndbyggingin er næstum sú sama en angistin margfalt meiri. Annars spannar list Jóhönnu Kristínar afar vítt svið og ber ríku tilfinningalífi vitni. Stundum er eins og angist eða þjáning nísti sál persónunnar, stundum er hún þunglynd, einmana, angurvær eða þá að springa af lífsgleði, sköpunarkrafti.

Persónuleg og innhverf

Athafnasamasta tímabil Jóhönnu Kristínar hvað sýningahaldi viðvíkur var 1983–84. Síðla árs 1984 hélt hún síðan til Sikileyjar þar sem hún dvaldist í nokkra mánuði. Það er til marks um hve persónuleg og innhverf listsýn Jóhönnu Kristínar var að hvorki fólk- né umhverfið í myndum hennar tók á sig staðbundin form, t.d. hvað útlit og birtu varðar. Það var ekki fyrr en með Grænlandsför listakonunnar árið 1986 sem framandi staðhættir hafa afgerandi áhrif á sýn hennar á mannlífið. Margar sterkustu mannamyndir Jóhönnu Kristínar eru frá Grænlandi, s.s. „Arnaq“ og „Grænlandsk kona í rococo sófa“.


Dansandi myndbygging

Listakonan sagði einhvern tíma að hún upplifði sig e.t.v. mest sem konu þegar hún væri að mála. Þess verður greinilega vart í fjögurra metra veggmynd af síðustu kvöldmáltíðinni, sem hún raunar lauk ekki við, en þar hefur hún byggt myndina á svipaðan hátt og da Vinci en sett konur í nokkur hlut-



Án titils, síðasta fullgerða verk Jóhönnu Kristínar, málað 1991.

verk í stað karla. Margar minnisstæðustu myndir Jóhönnu tengjast danslistinni og önnur stór veggmynd sýnir atakamikinn dans með sérstakri og svifandi myndbyggingu og leiðir jafnframt í ljós óvenjulega teiknihæfileika og litameðferð. Héraend listaflóra hefur sannarlega misst eitt skrautlegasta blóm sitt með Jóhönnu Kristínu. Það ber að þakka snöfurrmannleg viðbrögð Menningarmálanefndar og Kjarvalsstaða að efna svo skjótt til þessarar sýningar en henni lýkur 29. mars.



Thomas J. (Macaulay Culkin) og Vada (Anna Chlumsky) reyna fyrir sér í listinni að kyssa.

Stjörnuþjó – Stúlkan mín ★★

Vinir í blíðu og stríðu

Vada Sultenfuss (Anna Chlumsky) er engin venjuleg stelpa. Hún hefur þau forréttindi að faðir hennar er útfararstjóri og þess vegna er ávallt lík í kjallaranum hjá henni. Þá er amma hennar orðin rugluð og tekur upp á því í tíma og ótíma að syngja óbeðin slagara, meira að segja við jarðarför. Þar sem móðir Vödu er látin nýtur hún frjáltsræðis í uppeldi og gerir yfirleitt það sem hana langar til, meðal annars sækir hún sumarnámskeið fyrir fulloröna í ritsmíð, eingöngu vegna þess hversu ástfangin hún er af kennaranum.

En Vada á sér einn vin, Thomas J. (Macaulay Culkin), sem stendur með henni í blíðu og stríðu og beinir stundum fljótfærnisráðagerðum hennar inn á réttar brautir. Vada er tiltölulega sátt við líf sitt þar til einn daginn að faðir hennar ræður sér aðstoðarstúlku. Og Vödu til mikillar skapraunar hrífast þau hvort af öðru.

Eftir hinar miklu vinsældir Home Alone, sem mikið til var að þakka stjörnu myndarinnar Macaulay Culkin, tók við leit að heppilegu handriti fyrir drenging og einhverra hluta vegna hefur My Girl þótt hæfa honum best. Culkin er hér í aukahlutverki og er hlutverkið mjög ólíkt því sem hann lék í Home Alone. Thomas J. er veikulegur drengur sem lætur Vödu ráða ferðinni og fær fá tækifæri til að sýna hvað í honum býr. Hin unga Anna Chlumsky er aftur á móti stjarna myndarinnar og gerir margt vel. Persónan er skemmtileg, ákveðin en samt órugg um sjálfa sig og

er ég viss um að krakkar á hennar aldri, sem sjá myndina, kunna vel að meta frammistöðu Chlumsky. Stúlkan mín stenst ekki stranga nafllaskoðun. Myndin er tilviljunarkennd og ójöfn. Í handritinu eru mörg formúluatriði sem gera það að verkum að maður fær

Kvikmyndir

Hilmar Karlsson

það á tilfinninguna að aðstandendur hafi aðeins verið að hugsa um að fá sem flesta áhorfendur á myndina. Á móti kemur að mörg atriðin eru hugljúf og krakkararnir eru sjarmerandi og skemmtilegir. Skilin eru skörp milli gamans og alvöru þegar líða fer á myndina og kemur það sjálfsgat mörgum á óvart. En þegar upp er staðið er Stúlkan mín ágæt skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

STÚLKAN MÍN (MY GIRL)

Leikstjóri: Howard Zieff.

Handrit: Laurie Elehwany.


Kvikmyndun: Paul Elliott.

Tónlist: James Newton Howard.

Aðahlutverk: Dan Aykroyd, Jamie Lee Curtis, Macaulay Culkin og Anna Chlumsky.

BIFREIÐAEIGENDUR

HEMLAHLUTIR Í ALLAR GERÐIR FÓLKSBÍLA



Í verslun okkar, Skeifunni 11, færðu hemlahluti í allar gerðir ökutækja.

Við seljum eingöngu hemlahluti sem uppfylla ströngustu kröfur um öryggi og eru framleiddir samkvæmt kröfum Evrópu-bandalagsins. Með því að flytja inn beint frá framleiðendum getum við boðið mun lægri verð.

30 ára reynsla og sérhæft afgreiðslufólk okkar veitir þér trausta og góða þjónustu.

Verið velkomin - Næg bílastæði.

 **Stilling**
ÚRVAL · ÞEKKING · ÞJÓNUSTA

SKEIFUNNI 11, SÍMI 679797

